	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9.11.2016
Málsnr:	1611111
Préfal:	710



Reykjavík 17.10.2016

Hafnarfjarðarbær

B.t. Þormóður Sveinsson
Norðurbella 2
221 Hafnarfjörður

Efni: Lögn ljósleiðararörs frá Álhelli 1 yfir að brunni við Tinhellu 6 og frá brunni við Hnoðravelli 46 yfir í tengivirki Landsnes í Hamranesi.

Orkufjarskipti hf., Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík, Kt. 561000-3520 áætla að leggja ljósleiðara milli Álhelli 1 og tengivirkisins í Hamranesi. Fyrir er lagnabrunnur Orkufjarskipta við Álhelli 1 og lagnakerfi Gagnaveitu Reykjavíkur innan Vallarhverfisins.

Ástæða lagnarinnar er að tvítengja með ljósleiðara tengivirkið í Hamranesi og tryggja þar með fjarskipti til stýringa á raforkukerfi landsmanna.

Einnig er tilgangurinn að styrkja fyrirliggjandi ljósleiðarasamband við Álver RioTinto áður en farið verður í jarðvinnu við ný gatnamót á Reykjanesbraut, inn á Vallarhverfið. Sá ljósleiðari er innan framkvæmdasvæðisins og mun því rofna.

Þetta eru því 2 leggir, annar um 380m, en hinn um 300m, sjá teikningar í viðhengi. Milli þessara leggja er fyrirliggjandi lagnakerfi Gagnaveitunnar.

Frá Álhelli yfir í Tinhellur er ætlunin að leggja rör ofanjarðar, en á mynd GAS-Vellir 1.1 er að finna áætlaða lagnaleið. Teikning #3747-1, sýnir þversnið af lögninni. Rask á umhverfi verður því haldið í algeru lágmarki. Nú er fyrirséð að leggurinn milli Álhelli og Tinhellu þveri nýju Reykjanesbrautina þegar hún verður færð, og verða því gerðar ráðstafanir til þess að bregðast við því þegar að því kemur. Þennan hluta lagnarinnar verður því hægt að fjarlægja með öllu.

Hvað varðar lagnaleið inn í tengivirkið, þá er áætluð lega sýnd á mynd HAM-Vellir V1.1. Sama aðferðarfræði verður notuð þar, sjá teikningu #3747-1. Einnig kemur til greina að notast við fyrirliggjandi rör er liggur út frá tengivirkinu ef lega þess liggur að vallarhverfinu og rörið óbrotið. Eftir er að staðsetja rörið og kanna ástand! Öll vinna í og við Tengivirkið er unnin í nánau sambandi við Landsnet.

Við val og útstikun leiðarinnar var ekkert sem benti til þess að verið væri að fara um landsvæði með hugsanlegar fornleifar. Öll ummerki jarðvinnu verða lagfærð eins og hægt er.

Með umsókninni fylgja eftirfarandi gögn:

- Leyfi lóðareigenda Álhelli 1, sjá viðhengi.
- Yfirlitsmynd lagnarinnar Álhelli 1 að Vallarhverfi, GAS-Vellir V1.1
- Yfirlitsmynd lagnarinnar Tengivirki Vallarhverfi, HAM-Vellir V1.1
- Þversnið af frá gangi lagnar ofanjarðar, #3747-1

Yfirlýsing milli landeiganda og Orkufjarskipta um heimild til lagningar á ljósleiðarlögn

Undirritaðir aðilar þinglýstir eigendur jarðarinnar, Álhella 1, 220 Hafnarfirði veita Orkufjarskiptum hf., kt. 561000-3520, heimild til að leggja ljósleiðarlögn um land framangreindrar jarðar samanber meðfylgjandi loftmynd, þar sem lega lagnarinnar kemur fram í megin dráttum og aðilar hafa kynnt sér og samþykkt. Einnig fylgir heimildinni aðgangur til að framkvæma nauðsynlegt eftirlit og viðhald á lögninni.

Ef óskað verður eftir staðsetningu á lögninni munu Orkufjarskipti láta staðsetja hana á sinn kostnað.

Ef eigandi eða umráðamaður jarðar hyggur á jarðrask í nálægð við lögn (einn metri frá miðju lagnar til hvorrar hliðar) skal hann láta Orkufjarskipti vita af fyrirhuguðum framkvæmdum, sem munu þá staðsetja lögnina og gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru eiganda jarðar að kostnaðarlausu.

Landeiganda er heimilt að nýta yfirborð lands á helgunarsvæði strengsins til ræktunar og ekki þarf að láta Orkufjarskipti vita af yfirborðsvinnu jarðvegs vegna ræktunar þar sem strengurinn liggur á 80 -100 cm. dýpi.

Að framkvæmdum loknum munu Orkufjarskipti hf. lagfæra jarðrask og sá í gróðursár ef við á. Að öðru leyti gilda íslensk lög og reglur um yfirlýsingu þessa.

Heimildarskjali þessu má þinglýsa á jörðina.

Staður: Rvk. dags: 04. 10. 2016.


Þinglýstir landeigendur jarðarinnar:

Nafn: Fh. Meirshöfða ehf.
Þjónvörður Þj. Kt: 031160-3589.

Nafn: _____ Kt: _____

Vottar:

Guðbjörg Þórunn 100261-3599
Guðmundur Þórunn 140975-5329



Frágangur á lagningu
ljósleiðararörs ofanjarðar

32mm Ljósleiðararör, lagt í sanbeði og kússað yfir með grófri möl/
hraungrýti

TEIKNAD AF: Bþ

STÆRD
A4-P

VINNULÝSING NR.

TEIKNING NR.

#3747-1

ÚTG. NR.

1

KVARÐI

1:1

SÍÐA

1 AF 1



vellir V1.1

description for your map.

Legend

- Brunnur-Undirgöng (Gra)
- Tengpunktur B
- Undirgöng Kussað (180r)
- Undirgöng grafið 210m



40 m